

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um
hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

Starfsleyfisskilyrði fyrir samkomuhús

1. Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Samkomustaðir eru staðir þar sem fram fer skemmtana- og samkomuhald, þar með taldir hljómleikasalir, söfn, leikhús, kvikmyndahús, kirkjur, markaðir og veitingastaðir.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2. Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.
- 2.3 Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.2 Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni.
- 2.4 Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.
- 2.5 Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu. Um fjölda snyrtinga er vísað í fylgiskjal 2 í reglugerð um hollustuhætti. Gólfflötur salernisrýmis skal vera minnst 1,2 m² og 3,3 m² fyrir hreyfihamlaða, loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.
- 2.6 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað.

3. Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin eftir þörfum sem ræðst af notkun húsnæðisins. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Alsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.
- 3.3 Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustuhandbók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.
- 3.4 Tóbaksreykingar eru öllum óheimilar í þjónusturými stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka. Leyfa má þó reykingar á útisvæði, ef það eru undir beru lofti. Sé útisvæði undir þaki, föstu eða hreyfanlegu, má aðeins leyfa þar reykingar ef svæðið er að hámarki lokað með veggjum eða öðru að ¾ hlutum og nægjanlegt loftstreymi tryggt upp í gegnum þak eða meðfram þakskeggi. Þar sem leyfðar eru reykingar utanhúss skal þess gætt að tóbaksreykur berist ekki inn í húsnæði þeirrar starfsemi sem svæðið tilheyrir eða húsnæði annarra, hvort heldur er um dyr, glugga eða loftinntök.

4. Matvæli

- 4.1 Fara skal að ákvæðum matvælaeðlisfræðis um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

5. Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið.
- 5.2 Gæta skal þess að mengun s.s. hávaði og lykt valdi hvorki gestum né nágrönnum staðarins óþægindum eða ónæði.
- 5.3 Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.
- 5.4 Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstum hirslum. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt. Öryggisleiðbeiningar fyrir hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.
- 5.5 Leitast skal við að nota umhverfisvæn efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.6 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 933/1999 um hávaða, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli, reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 67/1985 um veitinga- og gististaði, reglugerð nr. 288/1987 um veitinga og gististaði, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 55.40 Krár, kaffihús, dansstaðir, o.fl.